



HAFNARFJÖRÐUR

Oddur Bogason
Margrét Edda Yngvadóttir
Lækjarhvammur 15
220 Hafnarfjörður

Umsögn - 8. mars 2018

Efni: Lækjarhvammur 15, umsögn vegna fyrirspurnar, 1803034

Þann 4. mars sl. leggja eigendur Lækjarhvarmar 15 inn fyrirspurn. Með erindinu fylgir greinagerð og skissur er sýna fyrirhugaða framkvæmd.

Óskað er eftir að setja kvist á húsið yfir þaksvalir á suð-austur hlið hússins. Mikill leki er vegna svalanna sem nú er farið að gera vart við sig innanhúss.

Þær tillögur sem lagðar eru fram með erindinu, þar sem svölum er lokað með kvisti, falla vel að húsinu og eru í samræmi við kvist sem er á þaki norð-vestur hliðar. Verði farið breytingarnar skal tryggja flóttaleið af efri hæðinni.

Þar sem Lækjarhvammur 15 fellur undir lög um fjöleignarhús þarf samþykki allra eigenda að liggja fyrir, allt raðhúsið við Lækjarhvamm 1-15. Hyggist fleiri fara í sömu framkvæmdir væri ráðlegt að leggja inn byggingarleyfisumsókn fyrir allt húsið ásamt aðaltekningum er sýna breytingarnar og nýrri skráningartöflu fyrir eignina.

Tekið er jákvætt í erindið.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt